

FJÁRAUKALÖG

fyrir árið 1980.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Til viðbótar við gjöld 2. gr. fjárlaga 1980 er veitt:

	Pús. gkr.
00 Æðsta stjórn ríkisins	915 948
01 Forsætisráðuneyti	123 470
02 Menntamálaráðuneyti	10 324 495
03 Utanríkisráðuneyti	1 030 427
04 Landbúnaðarráðuneyti	1 152 018
05 Sjávarútvegsráðuneyti	1 280 864
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	6 718 975
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	23 062 320
10 Samgönguráðuneyti	4 234 051
11 Iðnaðarráðuneyti	2 318 941
12 Viðskiptaráðuneyti	1 781 801
13 Hagstofa Íslands	48 153
14 Ríkisendurskoðun	53 559
Samtals	53 045 022

Gjört í Reykjavík, 4. júní 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Albert Guðmundsson.

LÖG

um breyting á lögum nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 5. gr. orðist svo:

Ríkissaksóknari getur kveðið svo á að rannsókn máls og meðferð, annað hvort eða hvort tveggja, skuli fara fram í Reykjavík eða annars staðar á landinu þar sem honum þykir best við eiga, enda þótt það skyldi annars sæta rannsókn og meðferð dómara í öðru lög-sagnarumdæmi, ef mál er vandasamt eða umfangsmikið. Mál vegna meiri háttar skatta- og efnahagsbrota skulu að jafnaði sæta meðferð í Reykjavík.